

væntanlegt samþykki, en það bregst, skal gjalda 3 700 kr. fyrir árangurslaust uppboð.

3. Nú hefur uppboðs verið beiðst hjá uppboðshaldara og séð hefur verið um birtingu á því, en beiðnin er svo kölluð aftur, og skal þá aðeins greiða gjald fyrir birtingu samkvæmt 1. tölulið. En sé beiðnin eigi kölluð aftur fyrr en húið er að setja uppboðsþingið, skal gjalda 3 700 kr. eins og fyrir árangurslaust uppboð.
4. Fyrir að gefa út afsalsbréf fyrir fasteign, er seld hefur verið á uppboði, skal gjalda 2 500 kr.
5. Fyrir undirboðsþing skal greiða 2 500 kr.

6. gr.

Fyrir að þinglýsa skjölum, sem hljóða um efni, sem eigi verður metið til ákveðins verðs, eða skjölum, sem ekki eru afsal eða haft á fasteignum eða lausafé, skal gjalda 600 kr. Sé þess konar skjölum þinglýst við Hæstarétt, skal gjalda 1 200 kr.

Fyrir áritun um heimildabrest, o. fl., samkvæmt 9. gr. laga nr. 30 7. maí 1928, skal greiða 600 kr.

7. gr.

Fyrir notarialgerðir skal greiða sem hér segir:

- | | |
|--|-----------|
| 1. Afsagnargerðir (aðrar en víxilafsagnir), stefnubirtingar, er notarius framkvæmdir, svo og aðrar slíkar gerðir | kr. 1 200 |
| 2. Notarialvottorð á arfleiðsluskrár | — 2 000 |
| 3. Notarialvottorð á samninga, umboðsskjöl eða aðra slíka gerninga | — 1 200 |
| 4. Dráttur í happdrætti | — 5 000 |
| 5. Útdráttur skuldabréfa | — 2 500 |

8. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari renna í ríkissjóð.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 79 23. desember 1975 um aukatekjur ríkissjóðs, öðlast gildi 1. febrúar 1978. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 531 23. desember 1975 um dómsmálagjöld o. fl., sbr. reglugerð nr. 430 27. desember 1976.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. janúar 1978.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 40 19. febrúar 1976 um skráningu ökutækja.

1. gr.

4. málsgr. 21. gr. orðist svo:

Fyrir notkun bráðabirgðaskráningarmerkis ber að greiða í ríkissjóð kr. 18 000 á ári og annast lögreglustjóri innheimtu gjaldsins. Lögreglustjóri getur leyft notkun bráðabirgðaskráningarmerkis í styttri tíma, og greiðir eigandi ökutækis þá fyrir notkun og ábyrgðartryggingu kr. 1 000 fyrir hvern dag eða hluta úr degi, er hann

hefur bráðabirgðaskráningarmarki í sínum vörslum. Gjaldið greiðist fyrirfram miðað við áætlaðan notkunartíma.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, öðlast gildi 1. febrúar 1978.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 18. janúar 1978.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

5. janúar 1978.

Nr. 11.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Reyðarfjarðar nr. 450 20. desember 1977.

Liður 2. „Notkun til heimilisþarfa“ orðist þannig:

2 Notkun til heimilisþarfa.

2.1 Fast gjald	kr. F1 + F3
Orkugjald	— 15.00 á kWst.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orku'lögum nr. 58 29 apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 5. janúar 1978.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

18. janúar 1978.

Nr. 12.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 57 12. apríl 1960, um ökukennslu, próf ökumanna o. fl.

1. gr.

55. gr., sbr. reglugerð nr. 186 24. ágúst 1966, orðist svo:
Gjöld samkvæmt reglugerð þessari skulu vera:

A. Prófgjöld:

1. Almennt bifreiðastjórapróf	kr. 4 000
2. Próf í akstri bifhjóla	— 3 000
3. Próf í akstri létttra bifhjóla	— 1 000
4. Próf í akstri dráttarvéla	— 2 000
5. Ökukennarapróf	— 15 000